

Skrifstofuhúsgögn

Upplýsingar um ábyrgðir

10

Skrifborð, fundarborð,
skilrúm, skrifstofuhirslur,
skrifborðsstólar og fundarstólar



Daglegt líf heima og í vinnunni gerir miklar kröfur til skrifstofuhúsgagna og því höfum við prófað vörurnar okkar ítarlega til að tryggja að þær þoli daglega notkun bæði á vinnustaðnum og á heimilinu.

Því getum við boðið upp á 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni, framleiðslu og virkni.

Skrifborðin, fundarborðin, hirslurnar og skilrúmin sem falla undir þessa ábyrgð hafa verið prófuð fyrir notkun í almennings- og skrifstofurýmum samkvæmt viðeigandi stöðlum: Fundarborð, felliborð, fartölvuborð samkvæmt EN 15372 og ANSI/BIFMA X:5.5; skrifborð samkvæmt EN527, ANSI/BIFMA x6.5 og ANSI/BIFMA 5.5; hirslur samkvæmt EN 14073, EN14074, ANSI/BIFMA x5.9 og ISO-7170; skilrúm samkvæmt EN1023-2; grindur á hjólum samkvæmt EN1023-2, EN 14073, EN14074, ANSI/BIFMA x5.9 og ISO-7170 (eftir því hvernig þær eru samsettar) – og standast þar með ströngustu kröfur okkar um öryggi, endingu og stöðugleika.

- BEKANT hirsla
- GALANT hirslur
- IDÁSEN skrifborð, borð og hirslur
- MITTZON skrifborð, borð og skilrúm
- TROTTEEN skrifborð, borð og hirslur
- RODULF skrifborð

Skrifstofustólarnir sem falla undir þessa ábyrgð hafa verið prófaðir fyrir notkun í almennings- og skrifstofurými samkvæmt viðeigandi stöðlum: Skrifborðsstólar samkvæmt EN 1335, ANSI/BIFMA X5.1; fundarstólar samkvæmt EN16139, ANSI/BIFMA X5.1; skrifborðskollar samkvæmt EN16139 level 1 – og standast þar með ströngustu kröfur okkar um öryggi, endingu og stöðugleika.

- ALEFJÄLL skrifborðsstóll
- FLINTAN skrifborðsstóll
- GRÖNFJÄLL skrifborðsstóll
- HATTEFJÄLL skrifborðsstóll
- JÄRVFJALLET skrifborðsstóll
- MARKUS skrifborðsstóll
- SMÖRKULL skrifborðsstóll
- LIDKULLEN skrifborðskollur
- TROLLBERGET skrifborðskollur
- FJÄLLBERGET fundarstóll
- LÅNGFJÄLL fundarstóll
- LÄKTARE fundarstóll
- MULLFJÄLLET fundarstóll

Þessi ábyrgð er fyrir notkun í almennings- og skrifstofurýmum og gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færir ekki á milli eigenda.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Þessi ábyrgð nær til galla í efni, framleiðslu og virkni á upptöldum vörum þegar þær hafa verið notaðar á réttan hátt og settar saman samkvæmt samsetningarleiðbeiningunum.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki um upptaldar vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið höfð utandyra, í beinu sólarljósi í langan tíma eða þar sem er raki, til dæmis í eldhúsi eða á baðherbergi.

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Hvaða vörur falla ekki undir þessa ábyrgð?

- ROTHULT snjallás
- EILIF skilrúm
- SIDORNA skilrúm

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfalli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega.

IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA.

Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavini útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Samsetningar- og umhirðuleiðbeiningar

Til að viðhalda ábyrgðinni er nauðsynlegt að fylgja umhirðuleiðbeiningum fyrir hverja vöru. Þú finnur allar samsetningar- og umhirðuleiðbeiningar á IKEA.is.

Háa skrifstofuskápa og hirsloeiningar þarf að festa við vegg og það er mikilvægt að tryggja að það sé vel gert. Veggir eru mismunandi og þurfa því mismunandi skrúfur og festingar. Hafðu samband við fagaðila til að fá ráðleggingar um hvaða skrúfur og festingar henta veggjunum þínum.

Hertu skrúfur eftir tvær vikur og fylgstu síðan með þeim reglulega, um tvisvar á ári.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á IKEA.is.

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

